

Foreldrabárður



Birta Antonsdóttir

Samstarf forráðamanna og skólans

Þegar nemendur byrja í framhaldsskóla standa þeir frammi fyrir mun meiri námslegum kröfum en þeir hafa vanist, auk þess sem námið byggir meira á sjálfsnámi nemenda þar sem þeir bera meiri ábyrgð á náminu. Umhverfið sem nemendur eru að koma í er líka öðruvísi en þeir eiga að venjast. Þeir kunna til dæmis ekki á skólann/kerfið, þekkja ekki kennarana, námskröfurnar, samnemendur og þetta getur skapað óöryggi.

Það eru því mikil viðbrigði fyrir nemendur að hefja nám í framhaldsskóla. Til að nemendum vegni vel er mikilvægt að foreldrar fylgist vel með námi og félagslífi. Það er þroskandi fyrir nemendur að taka þátt í heilbrigðu félagslífi og ef vel á að takast þarf samvinna milli skóla og foreldra/forráðamanna að vera góð.

Við sem störfum í Fjölbrotaskóla Snæfellinga viljum hæg nemenda sem bestan og erum tilbúin til að styðja þau eins og kostur er.

Í þessum bæklingi eru hagnýtar upplýsingar um skólastarfið ásamt helstu skólareglum. Ef einhverjar spurningar vakna skaltu snúa þér til umsjónarkennara barnsins þíns eða til skrifstofu skólans.

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir
skólameistari



Húsfundur í FSN

Skrifstofa

Opnunartími skrifstofu verður sem hér segir:

Mánudaga til fimmtudaga: 8:00-12:05 og 12:35-16:00

Föstudaga: 8:00-12:05 og 12:35-13:30

Starfsmenn á skrifstofu eru:

Guðrún Jóna Jósepsdóttir, fjármálastjóri

Lilja Magnúsdóttir, skólafulltrúi

Ólafur Tryggvason, umsjónarmaður fasteigna.

Skólastjórnendur

Skólameistari er Hrafnhildur Hallvarðsdóttir hrafnhildur@fsn.is

Aðstoðarskólameistari er Sólrún Guðjónsdóttir solrun@fsn.is

Kennarar

Upplýsingar um kennara eru á heimasíðu skólans fsn.is undir flípanum skólinn.

Námsráðgjöf – tímapantanir

Námsráðgjafi skólans er Agnes Helga Sigurðardóttir

Þeir sem vilja panta tíma hjá henni er bent á að senda tölvupóst á agnes@fsn.is

Hafi nemendur greiningar um námserfiðleika eru þeir hvattir til að koma þeim sem allra fyrst til skila til námsráðgjafa skólans. Öðruvísi er ekki hægt að greiða götu þeirra varðandi stuðning og úrræði.

Umsjónarkennari

Hver nemandi er með umsjónarkennara og mætir í umsjónartíma reglulega.

Hlutverk umsjónarkennara er meðal annars:

- Að aðstoða nemendur við gerð á námsferilsáætlun og er nemendum til ráðgjafar um ýmis mál er varða námsframvindu.
- Að aðstoða nemendur við val. Valtímabil er um það bil ein vika á önn og umsjónarkennarinn staðfestir val allra umsjónarnemenda sinna í lok val tímabils eftir að hafa yfirfarið valið.
- Að fylgjast með ástundun og mætingum nemenda og hefur samband við foreldra/forráðamenn ef ástæða er til.
- Að fylgjast með athugasemdum um nemanda inn á Innu og gera ráðstafanir ef ástæða er til.
- Að hitta hvern nemanda einslega tvisvar sinnum á önn.
- Að vera talsmaður umsjónarnemenda sinna gagnvart stjórnendum, kennurum og öðru starfsfólki þegar við á.
- Að vera tengiliður milli foreldra/forráðamanna og skólans.

Upplýsingar um ástundun og mætingar nemenda yngri en 18 ára eru aðgengilegar í gegnum upplýsingakerfi Innu sem aðgengilegt er af vef skólans, www.fsn.is

Allir nemendur í Fjölbrautaskóla Snæfellinga sem eru yngri en 18 ára hafa umsjónarkennara. Markmiðið með umsjón er að stuðla að góðu námsgengi nemenda og koma í veg fyrir brottfall, stuðla að góðri líðan nemenda og miðla upplýsingum til nemenda og fræða þá um skólann.

Inna

Inna er upplýsingarkerfi framhaldsskólanna. Þar er að finna almennar upplýsingar um hvern og einn nemenda, stundatöfluna hans, námsferil og skólasókn. Þar er einnig hægt að fylgjast með einkunnum í áföngum, en kennarar setja inn umsagnir tvisvar á önn og einkunnir í lok annar. Forráðamenn nemenda yngri en 18 ára hafa aðgang að Innu. Slá þarf inn kennitölu (forráðamanns) og aðgangsorð er sent á netfang forráðamanns. Sama á við um nemendur, þeir fara inn á inna.is og slá inn kennitölu sína og ýta á slóð þar fyrir neðan sem segir sækja nýtt lykilorð. Einnig er hægt að nota íslykil til að komast inn á Innu.

Moodle

Fjölbrautaskóli Snæfellinga notar kennsluumsjónarkerfið Moodle. Kennarar setja allar upplýsingar varðandi námið inn á þetta kerfi. Nemendur skrá sig inn í kerfið og þeir skrá sig sjálfir í þá áfanga sem þeir eru skráðir í samkvæmt stundatöflu í Innu. Nánari upplýsingar eru á heimasíðu skólans.

Skólaakstur - rútukort – áætlun

Daglegur skólaakstur er frá Stykkishólmi og frá Snæfellsbæ (Ólafsvík, Hellissandi og Rífi).

Nemendur eru beðnir um að skila inn eyðublaði um skólaakstur, sem þeir hafa fengið send, á skrifstofuna í upphafi annar.

Áætlun veturinn 2018-2019:

Frá Stykkishólmi	kl. 7:50 (Íþróttamiðstöð)
Frá Hellissandi	kl. 7:50 (N1)
Frá Rífi	kl. 7:53
Frá Ólafsvík	kl. 8:05 (Skelin)
Frá skólanum	kl. 15:35 mánudaga til fimmtudaga kl. 14:30 föstudaga

Mötuneyti

Í mötuneytinu er boðið upp á heitan mat í hádeginu alla skóladaga. Nemendur geta keypt mánaðaráskrift, matarmiða eða stakar máltíðir. Einnig er boðið upp á rúnstykki, samlokur, langlokur, mjólkurmat, drykki, ávexti, ýmsa kaffidrykki og fleira. Nánari upplýsingar um verð eru á heimasíðu skólans.

Rekstraraðili mötuneytis er Hægt og hljótt. Starfsmenn mötuneytis eru Anna Guðrún Aðalsteinsdóttir og Berglind Rósa Jósepsdóttir, sími: 430 8406, netfang: motuneyti@fsn.is.

Skápaleiga

Nemendum stendur til boða að leigja geymsluskápa með aðstöðu til að hlaða tölvur. Leiga fyrir skáp er **3.000 kr.** fyrir veturinn, en af þeirri upphæð eru **1.000 kr.** skilagjald fyrir aðgangskort sem nemendur fá endurgreitt þegar þeir skila kortinu að vori.

Íþróttir- undanþágur

Meginreglan er sú að allir nemendur eiga að vera í íþróttum. Einu undanþágurnar sem gefnar eru frá þessari reglu eru ef nemendur stunda umfangsmikla þjálfun undir stjórn viðurkennds þjálfara. Til þess að fá íþróttaiðkun utan skólans metna til eininga er mikilvægt að nemendur framvísi staðfestingu frá þjálfara (þarf að lýsa hvað er verið að þjálfra og hversu margar klukkustundir á viku) á fyrstu vikum hverrar annar. **Á haustönn 2018 þarf að skila staðfestingu í síðasta lagi 10. september á skrifstofu skólans.**

Töflubreytingar

Þeir sem þurfa að breyta stundatöflum sínum eru beðnir um að sækja um töflubreytingu á innu. **Sólrún Guðjónsdóttir aðstoðarskólameistara** eða **Agnes Helga Sigurðardóttir ráðgjafi, sjá um töflubreytingar**. Töflubreytingar standa yfir dagana **20. ágúst. -24. ágúst**.

Úrsögn úr áfanga

Þeir sem óska eftir að segja sig úr áfanga eru beðnir um að snúa sér til aðstoðarskólameistara eða námsráðgjafa. **Eftir 31. ágúst** hafa nemendur ekki leyfi til að hætta í áfanga og þeir hafa skuldbundið sig til að ljúka áfanganum á önninni. Komi upp einhverjar óviðráðanlegar aðstæður sem gera það að verkum að nemendur telja sig þurfa að hætta í áfanga eru þeir beðnir um að tala við námsráðgjafa eða stjórnendur skólans.

Fastar kennslustundir - verkefnatímar

Í Fjölbrautaskóla Snæfellinga er skipulag kennslunnar þannig að í stundatöflunni skiptast á fastar kennslustundir og verkefnatímar. Mætingaskylda er í allar fastar kennslustundir en nemendur skipuleggja sjálfir mætingu í verkefnatíma eftir því í hvaða námsgreinum þeir þurfa aðstoð. Þó geta kennarar skyldað nemendur til að mæta í ákveðna verkefnatíma ef þurfa þykir. Á stundatöflunni sjást allir fastir tímar og allir verkefnatímar.

Nemendafélag skólans

Nemendafélag FSN heitir nemendafélag Fjölbrautaskóla Snæfellinga NFSN. Nemendafélagið er með síðu á facebook sem heitir NFSN. Þar eru ýmsar upplýsingar um skólaböll, ferðir á vegum skólans og þá viðburði sem nemendafélagið stendur fyrir hverju sinni.

Ferðir á vegum skólans

Reglur um nemendaferðir á vegum Fjölbrautaskóla Snæfellinga

- Nemendaferðir, sem skipulagðar eru á vegum skólans eru á ábyrgð skólameistara og undir umsjón skólameistara og þess kennara sem fer fyrir hópnum sem fararstjóri.
- Fararstjóri skal halda fund með foreldrum nemenda yngri en 18 ára sem í skólaferðalagið fara og kynna þær reglur og þau skilyrði sem nemendur verða að uppfylla í ferðinni.
- Nemendur í ferðum í nafni skólans eru fulltrúar hans. Þeim ber að sýna fyrirmyndarhegðun og vera skólanum til sóma.
- Skipulögð ferða- og hvíldaráætlun ásamt dagskrá ferðarinnar skal liggja fyrir áður en skólameistari veitir leyfi fyrir ferð á vegum skólans.
- Kennari skal gæta þess að nemendur samþykki ferðaáætlun með undirskrift sinni. Nemendur undir 18 ára aldri skulu einnig undirrita ferðaáætlun ásamt forráðamanni.
- Nemendur skulu hafa næði til svefns á þeim tíma sem fararstjóri/ar ákveður/ákveða.
- Nemendaferðir eru eingöngu fyrir skráða nemendur skólans. Ekki er heimilt að taka með sér gesti utan hans.
- Nemendum ber að hlíta fyrirmælum fararstjórnar.
- Meðferð vímuefna í ferðum á vegum skólans er stranglega bönnuð.
- Kennari getur sent nemendur heim á þeirra kostnað ef um alvarleg brot er að ræða. Í slíkum tilvikum er haft samband við foreldra, sem sækja nemandann sé því við komið.
- Nemendur skulu greiða sinn hlut ferðarinnar áður en lagt er af stað í hana.

Skólasóknarreglur

- Nemendum ber að sækja alla fasta tíma samkvæmt stundatöflu og verkefnatíma eftir þörfum.
- Kennarar skrá viðveru nemenda í hverjum föstum tíma.
- Nemendur skulu stunda námið af kostgæfni og skila verkefnum á réttum tíma.
- Séu nemendur fjarverandi úr skóla gilda vissar reglur um hvernig taka skal á slíkum fjarvistum eftir því hver ástæða fjarvistanna er. Geti nemandi ekki sótt skóla vegna veikinda eða af öðrum ástæðum skal **hann tilkynna forföll** daglega á skrifstofu skólans. Læknisvottorði skal skila inn til skrifstofu ef veikindi vara lengur en **þrjá daga**.
- Sé ástundun og verkefnaskilum nemenda ábótavant tilkynnir kennari það til umsjónarkennara. Umsjónarkennari ræðir við nemandann og foreldra hans ef hann er yngri en 18 ára og reynir að grafast fyrir um það hvers vegna hann stundar ekki námið eins og til er ætlast. Brjótí nemandi skólasóknarreglur ítrekað getur hann átt á hættu að vera vísað úr skóla.
- Ef nemendur eru ósáttir við meðferð sinna mála geta þeir vísað málinu til skólaráðs og sótt skólann þar til niðurstaða skólaráðs er fengin.
- Skólaráð getur í sérstökum tilvikum veitt undanþágu frá reglum þessum.

Umgengnisreglur

- Nemendur skulu sýna góða umgengni í skólanum og á lóð hans.
- Spjöll sem nemendur kunna að vinna á húsnæði skólans eða öðrum eigum hans ber þeim að bæta að fullu.
- **Nemendur sem ekki eru í kennslustund þurfa að gæta þess að trufla ekki kennslu.**
- Auglýsingar varðandi skólahald og félagslíf nemenda eru leyfðar veggjum skólans. Utanaðkomandi sem vilja auglýsa innan veggja skólans verða að fá leyfi hjá skrifstofunni.
- Nemendur skulu gæta þess vandlega að farsímar þeirra valdi ekki truflun á vinnufriði í skólanum.
- Matar og drykkjar má neyta í matsalnum en ekki annars staðar í húsinu. Þó er gerð undantekning með drykki í lokuðum ílátum.
- Öll meðferð áfengis og annarra vímuefna er stranglega bönnuð í skólanum og á samkomum og ferðalögum á vegum hans.
- Reykingar og öll meðferð tóbaks og notkun rafretta er bönnuð í skólanum og á lóð hans.
- Ítrekuð brot á reglum þessum geta leitt til brottrekstrar úr skóla.

Tölvureglur

Nemendur fá aðgang að internetinu og þráðlaust tölvunet er til staðar í skólanum. Skólinn er tengdur FS-neti sem er háhraðanet fyrir framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðvar á Íslandi. Nemendum er bent á að lesa reglur FS-nets á <http://www.fsnet.is> undir reglur FSnets. Til viðbótar setur skólinn reglur um notkun netsins og þær gilda hvort sem notaðar eru eigin fartölvur nemenda eða tölvur skólans. Reglurnar má nálgast á heimasíðu skólans.

Skóladagatal

Dagatal annarinnar er birt á vef skólans – www.fsn.is

Foreldraráð

Foreldraráð í framhaldsskólum eru lögbundin samkvæmt 50. gr. laga nr. 92/2008. Við hvern framhaldsskóla skal starfa foreldraráð. Skólameistari boðar til stofnfundar þess. Hlutverk foreldraráðs er að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og í samstarfi við skólann efla samstarf foreldra og forráðamanna ólöggráða nemenda við skólann. Félagsmenn eru foreldrar nemenda við skólann. Kjósa skal í stjórn ráðsins á aðalfundi þess. Foreldraráð tilnefnir einn áheyrnarfulltrúa í skólanefnd og setur sér starfsreglur. Í frumvarpi til laga um framhaldsskóla segir um 50. gr.:

Foreldraráð eru talin mikilvægur tengill milli skólans og forráðamanna ólöggráða nemenda.

Dæmi um markmið slíks ráðs eru:

- Að vera samráðs- og samstarfsvettvangur foreldra/forráðamanna.
- Að stuðla að aukinni vitund foreldra/forráðamanna um forsjárskyldur sínar og þekkingu þeirra á réttindum og skyldum sínum og barna þeirra.
- Að vera bakhjarl skólans og auka áhrif foreldra/forráðamanna sem hagsmunahóps um bættan hag og stöðu skólans.
- Að hvetja til aukins stuðnings, aðhalds og hvatningar foreldra/forráðamanna við börn sín og nám þeirra.
- Að koma á og tryggja öflugt og gott samstarf foreldra/forráðamanna, nemenda og starfsfólks skólans.

Skólaráð

Skólaráð skal vera skólameistara til samráðs og aðstoðar. Skólameistari er oddviti skólaráðs sem auk hans skal skipað staðgengli hans og fulltrúum kennara og nemenda. Heimilt er að setja í reglugerð nánari ákvæði um skipan skólaráðs, verksvið þess og starfshætti. Skólastjóri stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess, auk þess ber honum að boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags skólans a.m.k. einu sinni á ári. (Lög um framhaldsskóla, 2008 nr. 92 12. júní, 7.gr.)

Hlutverk foreldra

Stuðningur foreldra skiptir miklu máli og hefur mikil áhrif á námsárangur og námsgengi nemenda. Ef foreldrar eru virkir þátttakendur og sýna námi barna sinna áhuga, veita þeim aðhald og hvatningu þá minnka líkurnar á brottfalli verulega. Í þessum anda kveður 33. grein framhaldsskólalaga á um að skólastjórnendum, kennurum og forráðamönnum beri að vinna saman að því að skólaganga ungmenna verði farsæl.

Foreldrar ólögráða ungmenna geta sótt sér aðgang að Innunni, þar geta þeir séð fjarvistir, einkunnir og námsferil barna sinna. Sé nemandi veikur er mikilvægt að foreldrar láti vita fyrir klukkan ellefu. Þegar nemandi verður 18 ára er skólanum óheimilt að miðla upplýsingum til foreldra. Nemandinn þarf þá sjálfur að veita forráðamanni skriflegt umboð til þess að afla upplýsinga.